

**197. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stilholti
16-18,
17. maí 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Ólafur Adolfsson tók þátt í fundinum á Teams.

Fyrir tekið:

1. 2104249 - Vinnuskólinn sumarið 2021

Farið yfir starfsemi vinnuskólans 2021.

Guðlaugur Brandsson rekstrarstjóri vinnuskólans situr fundinn undir þessum fundarlið.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Guðlaugi Brandssyni góða kynningu. Tillaga Guðlaugs um laun í vinnuskóla eru samþykkt.

2. 2104262 - Deiliskipulag - Skógahverfi áfangi 5

Árni Ólafsson skipulagsráðgjafi og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi kynna stöðu deiliskipulags við Skógarhverfi áfangi 5.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fyrirliggjandi skipulagsgögn verði kynnt á almennum kynningarfundum.

3. 2104261 - Deiliskipulag - Skógahverfi áfangi 3C

Árni Ólafsson skipulagsráðgjafi og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi kynna stöðu deiliskipulags við Skógarhverfi áfangi 3C.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fyrirliggjandi skipulagsgögn verði kynnt á almennum kynningarfundum.

4. 2105077 - Höfðagrund 15 stækkun lóðar - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um að stækka lóðina við húsið að Höfðagrund 15, skv. meðfylgjandi ríssi.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa úrvinnslu málsins.

5. 2105006 - Asparskógar 3 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn um að breyta byggingarreit skv. meðfylgjandi teikningum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynna erindið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum að Asparskógum 1 og 5.

6. 2105004 - Eyrarflöt 13 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um hækkun lóðar í götuhæð og ath. með frágang á göngustíg við lóðamörk.

Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í málið og felur byggingarfulltrúa að svara málsaðila.

7. 2105025 - Lækjarflói 18 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um stækkun á byggingarreit á lóð við Lækjarflóa 18.

Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í erindið.

8. 2101052 - Höfðasel og Breiðargata - yfirborð gatna 2020

Framhald á yfirborðsfrágangi á Höfðaseli.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir framhald á bundnu slitlagi á Höfðaseli. Öll gatan við Höfðasel verður þá með bundnu slitlagi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:40.